

## **Borgarstjórn Reykjavíkur**

### **15. september 2015**

Tillaga Bjarkar Vilhelmsdóttur um að Reykjavíkurborg sniðgangi í innkaupum sínum vörur frá Ísrael á meðan hernám Ísraelsríkis á landsvæði Palestínumanna varir:

Borgarstjórn samþykkir að fela skrifstofu borgarstjóra í samvinnu við innkaupadeild Reykjavíkurborgar að undirbúa og útfæra sniðgöngu Reykjavíkurborgar á ísraelskum vörum meðan hernám Ísraelsríkis á landsvæði Palestínumanna varir.

#### **Greinargerð:**

Í 5. gr. innkaupastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 15. mars 2011, er kveðið á um að Reykjavíkurborg skuli í innkaupum sínum taka tillit til gæða-, umhverfis- og mannréttindasjónarmiða. Með vísan til 5. gr. innkaupastefnu Reykjavíkurborgar er lagt til að borgarstjórn samþykki að sniðganga í innkaupum sínum vörur frá Ísrael á meðan hernám Ísraelsríkis á landsvæði Palestínumanna varir.

Reykjavíkurborg sýnir með samþykkt þessarar tillögu að hún styður rétt Palestínumanna til sjálfstæðs og fullvalda ríkis innan landamæra frá því fyrir sex daga stríðið árið 1967, í samræmi við ályktun Öryggisráðs SP nr. 242 og ályktun Alþingis um viðurkenningu á fullveldi og sjálfstæði Palestínu frá 29. nóvember 2011, og lætur í ljósi vanþóknun sína á kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Ísrael. Sniðganga af því tagi sem hér er beitt er friðsamleg aðferð til að hafa áhrif á stjórnvöld og ráðahópa í ríkjum þar sem mannréttindi eru ekki virt og alþjóðasamþykktir að engu hafðar. Andstaðan um allan heim gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku er gott dæmi um ríki þar sem sniðganga í viðskiptum og ýmiss konar samskiptum öðrum hafði veruleg áhrif. Undanfarin ár hafa sífellt fleiri einstaklingar, samtök, sveitarfélög og ríki tekið upp sniðgöngu gagnvart Ísrael, þar sem aðstæður eru um margt líkar og í Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar.